

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Flóahrepps nr. 542/2007.

1. gr.

51. gr. samþykktar breytist og verður svohljóðandi:
Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Oddvitakjör*. Oddviti og varaoddviti skv. 14. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Aðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)*. Þrír fulltrúar og þrír til vara samkvæmt samþykktum samtakanna.
3. *Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Suðurlands*. Þrír fulltrúar og þrír til vara samkvæmt samþykktum félagsins.
4. *Aðalfundur Skólaskrifstofu Suðurlands*. Þrír fulltrúar og þrír til vara samkvæmt samþykktum SKS.
5. *Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands*. Þrír fulltrúar og þrír til vara samkvæmt samþykktum HES.
6. *Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands*. Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt samþykktum SOS.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Fræðslunefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer m.a. með verkefni grunnskóla samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og verkefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.
2. *Skipulagsnefnd og byggingarnefnd uppsveita Árnessýslu og Flóa*. Einn aðalmaður og einn til vara. Fulltrúi er jafnframt í stjórn skipulags- og byggingarfulltrúaembættis uppsveita Árnessýslu og Flóa bs.
3. *Félagsmálanefnd uppsveita Árnessýslu og Flóa*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nefndin fer jafnframt með málefni aldraðra og starfar skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.
4. *Jafnréttisnefnd*. Sveitarstjórn fer með málefni jafnréttisnefndar samkvæmt ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
5. *Atvinnu- og umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í atvinnu-, ferða- og umhverfismálum og hafa frumkvæði að tillögugerð á því sviði til sveitarstjórnar. Nefndin skal einnig fara með samgöngumál og vera sveitarstjórn til ráðgjafar um úrbætur og nýframkvæmdir í umferðar- og samgöngumálum.
6. *Húsnæðisnefnd*. Sveitarstjórn fer með verkefni húsnæðisnefndar samkvæmt ákvæðum laga um húsnæðismál nr. 44/1998. Sveitarstjórn er heimilt að fela fastanefndum hlutverk nefndarinnar.
7. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúi og einn til vara, sbr. lög sambandsins.
8. *Rekstrarnefnd félagsheimila Flóahrepps*. Tveir fulltrúar og tveir til vara.
9. *Afréttamálafélag Flóa og Skeiða*. Fjórir fulltrúar og fjórir til vara, samkvæmt samþykkt afréttamálafélags.
10. *Héraðsnefnd Arnesinga*. Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt samningi um héraðsnefnd.
11. *Almannavarnanefnd Arnessýslu*. Einn fulltrúi og einn til vara skv. lögum um almannavarnir nr. 82/2008.
12. *Fulltrúaráð Brunavarna Arnessýslu*. Einn fulltrúi og einn til vara samkvæmt samþykktum Brunavarna Arnessýslu.
13. *Sköðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

14. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

2. gr.

58. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Um ráðningu, kaup og kjör lausráðinna starfsmanna verði farið eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Flóahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 25. ágúst 2010.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.